

Æðahnútar í pung

meðferð í æðapræðingu

Æðahnútar í pung eru nokkuð algengir og sjaldnast er þörf á meðferð. Ef æðahnútar valda verkjum, lýti eða frjósemisvandamáli getur verið ástæða til að meðhöndla þá. Hægt er að meðhöndla þá með æðapræðingartækni þar sem bláæð sem viðheldur ástandinu er lokað en heilbrigðar æðar sem sjá um blóðflæði frá eista eru látnar óhreyfðar.

Undirbúningur fyrir æðapræðingu

Yfirleitt er ekki þörf á svæfingu nema í undantekningartilvikum og þegar um börn er að ræða. Þá hringir svæfingahjúkrunarfræðingur í sjúkling eða aðstandanda barns nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar og veita tækifæri til spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsóknar er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Símaviðtal vegna svæfingar

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka viss lyf fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp í tengslum við fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði, uppköst eða annað er mikilvægt að segja frá því.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum eða röntgenskuggaefni
- Hæð og þyngd
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna
- Áfengisneyslu og reykingar ef við á
- Gervitennur og tannbrýr ef við á

Kvöldið fyrir aðgerð

Æskilegt er að drekka vel daginn fyrir æðapræðingu til að vernda nýrun fyrir áhrifum skuggaefnis. Þeir sem eru með skerta nýrnastarfsemi fá einnig Acetylcystein (Mucomyst) töflur og hefja inntöku kvöldið fyrir rannsókn.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir æðapræðingu til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við deyfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að rannsókn.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir rannsókn.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því stundum eru gefin lyf sem hafa slævandi áhrif. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Aðgerðardagur

Blóðþynningarlyf og lyf vegna sýkursýki

Þeir sem taka inn lyf vegna sýkursýki sem innihalda metformin fyrir aðgerð (t.d. Metformin, Glucophage, Janumet og Eucras) mega ekki taka þau inn sama morgun og þræðingin er gerð. Þeir sem eru á blóðþynningarmedferð halda því áfram.

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Ekki má nota húðkrem, andlitsfarða, skartgripa eða naglalakk eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags.

Á deildinni er settur æðaleggur í handlegg og gefinn vökví í æð. Ef um barn er að ræða er nauðsynlegt að aðstandandi fylgi barninu á skurðstofuna og sé hjá því þegar það sofnar og einnig á vöknunardeild þegar það vaknar eftir aðgerðina. Einungis einn aðstandandi fylgir barninu á skurðstofu og vöknunardeild.

Æðapræðing

Æðapræðingin tekur yfirleitt 1-2 klukkustundir og er gerð á æðapræðingarstofu. Sjúklingur er oftast vakandi og deyfður við stungustað og fær slakandi lyf í æð eftir þörfum. Í einstaka tilfellum og ef um barn er að ræða er þörf á svæfingu og þá lengist heildartími aðgerðar um eina klukkustund. Ýmist er farið inn í bláæð í nára eða handlegg og í stöku tilfellum á hálsi. Mikilvægt er að liggja kyrr á baki meðan á þræðingu stendur. Leggur er þræddur inn í æðarnar og myndir teknar. Einstaka sinnum koma fyrir verkir í baki og stundum í pung meðan á þræðingunni stendur.

Eftir þræðingu

- Eftir þræðingu fer sjúklingur aftur á dagdeild A5 í 4-6 klukkustundir til eftirlits.
- Verkjalyf eru gefin eftir þörfum.
- Yfirleitt má byrja að drekka og borða fljótlega eftir komu á deild.
- Nauðsynlegt er að hafa þvaglát fyrir útskrift.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftarfræðslu.
- Endurkomutíma hjá þvagfæraskurðlækni eða barnaskurðlækni ef um barn er að ræða.

Útskrift

Verkir

Yfirleitt eru litlir eða engir verkir í tengslum við æðapræðinguna. Ef þörf er á, má taka verkjalyf sem hægt er að kaupa án lyfseðils skv. ráðleggingum læknis eða hjúkrunarfræðings.

Stungustaður

Plástur á stungustað má fjarlægja eftir tvo daga. Búast má við að lítilsháttar mar sé við stungustað fyrstu dagana.

Hreyfing

Ráðlagt er að taka því rólega daginn sem æðapræðingin er gerð. Forðast þarf líkamsrækt og áreynslu í 1-2 vikur, en gott er að fara í gönguferðir.

Kynlíf

Almennt má stunda kynlíf eftir 1-2 vikur.

Vinna

Æskilegt er að taka sér frí frá vinnu í 2–3 daga en það fer eftir eðli starfs og líðan. Vottorð vegna fjarvista úr vinnu eru afgreidd fyrir útskrift ef þörf er á.

Fylgikvillar

Mögulegir fylgikvillar eru til dæmis blæðing við stungustað og örsjaldan innri blæðingar. Sýkingar eru mjög sjaldgæfar. Efni sem notuð eru í þræðingunni geta einstaka sinnum farið út í bláæðakerfið og borist til lungna og valdið blóðtappa í lungum (færri en 1% tilvika).

Kostnaður

Þeir sem eru 18 ára og eldri greiða fyrir æðapræðingu samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við dagdeild A5 (fullorðnir) eða bráðamóttöku barna ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir æðapræðingu:

- Blæðing við stungustað sem erfitt er að stöðva.
- Stöðugir verkir sem láta ekki undan vægum verkjalyfjum.
- Líkamshiti er hærri en 38°C.
- Stækkandi roða- eða bólgusvæði við stungustað.
- Brjóstverkur eða andþýngsli.

Símanúmer

Dagdeild A5, opin virka daga frá klukkan 7 til 22

543 7570

Bráðamóttaka barna

543 3074

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem simum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

JANÚAR 2020

LSH-2561

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNAR PVAGFÆRA-

SKURÐLÆKNINGA,

RÖNTGENDEILDAR OG

BARNADEILDAR OG DEILDARSTJÓRI

DAGDEILDAR A5

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD